Nr. 288 28. febrúar 2018

# REGLUGERÐ

**um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim.**

1. gr.

Sektir allt að 300.000 krónum og sviptingu ökuréttar vegna einstakra brota á ákvæðum umferðarlaga og reglna, settra samkvæmt þeim, skal ákvarða í samræmi við fyrirmæli og leiðbeiningar sem birtast í viðaukum I-II við reglugerð þessa. Brot sem ekki eru sérstaklega tilgreind í viðaukum með reglugerð þessari, varða sektum frá kr. 20.000 allt að kr. 300.000 eftir eðli og umfangi brots.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum í viðaukum ef veigamikil rök mæla með því.

2. gr.

Þegar ákvörðun er tekin um sekt vegna brota á tveimur eða fleiri ákvæðum umferðarlaga, eða reglna settra samkvæmt þeim, skal sektin vera samtala sekta vegna hvers brots um sig. Samtala sekta sem lögreglustjóri lýkur með lögreglustjórasekt má þó aldrei fara fram úr þeirri hámarksfjárhæð sem ákveðin er í reglugerð um lögreglustjórasektir.

Lögreglustjóra ber að veita sakborningi 25% afslátt af sektarfjárhæð sem ákveðin er í lögreglustjórasekt, ef sakborningur greiðir sektina ásamt sakarkostnaði að fullu innan 30 daga frá dagsetningu sektar á vettvangi, sektarboðs eða undirritun sektargerðar sem sakborningur hefur gengist skriflega undir.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum, öðlast gildi 1. maí 2018. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 930/2006 um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim með áorðnum breytingum.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 28. febrúar 2018.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

VIÐAUKI I

**Skrá yfir sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim.**

Brot á eftirfarandi ákvæðum umferðarlaga, eða reglum sem settar hafa verið samkvæmt þeim, varða sektum og sviptingu ökuréttar samkvæmt þessari skrá:

**II. KAFLI (4.-10. gr.). Reglur fyrir alla umferð.**

| *Lagagrein* | *Tegund brots* | *Sektarfjárhæð kr.* |
|---|---|---|
| **5. gr.** | **Leiðbeiningar fyrir umferð** | |
| *1. - 2. mgr.:* | Ekið gegn rauðu umferðarljósi | 30.000 |
| | Hjólað gegn rauðu umferðarljósi | 20.000 |
| | Ekið gegn einstefnu | 20.000 |
| | Bann við framúrakstri eigi virt | 20.000 |
| | Önnur umferðarmerki eigi virt (nema leggja beri gjald á skv. c-lið 108. gr.) | 20.000 |
| *3. mgr.:* | Óhlýðni ökumanns við leiðbeiningum lögreglu | 20.000 |
| **5. gr. a.** | **Akstur utan vega í þéttbýli** | |
| *1. mgr.:* | Ekið eða lagt á svæði sem ekki er ætlað fyrir umferð ökutækja | 20.000 |
| **6. gr.** | **Leikir o.fl.** | |
| *1. mgr.:* | Stokkið af eða upp í ökutæki á ferð eða verið utan á ökutæki á ferð | 20.000 |
| *2. mgr.:* | Hangið í ökutæki á ferð | 20.000 |
| | Maður á skíðum, hjólaskíðum, skautum dreginn á vegi | 20.000 |
| *3. mgr.:* | Leikur á vegi veldur óþægindum fyrir umferð | 20.000 |
| **7. gr.** | **Vistgötur** | |
| *2. mgr.:* | Ógætilegur akstur á vistgötu | 20.000 |
| *4. mgr.:* | Ökutæki lagt utan merktra stæða á vistgötu. Gjald skv. 108. gr. | |
| **8. gr.** | **Að hindra eða trufla neyðarakstur o.fl.** | |
| *2. mgr.:* | Eigi vikið í tæka tíð fyrir ökutæki sem gefur hljóð- eða ljósmerki | 20.000 |
| *3. mgr.:* | Hvít veifa notuð án heimildar | 20.000 |
| *4. mgr.:* | Óviðkomandi hamlar björgunarstarfi með því að vera of nærri slys- eða brunastað | 20.000 |
| *5. mgr.:* | Vegfarandi hindrar eða rýfur för líkfylgdar, hóps barna undir leiðsögn stjórnanda eða annarrar hópgöngu | 20.000 |
| **9. gr.** | **Skemmdir á umferðarmerkjum** | |
| *1. mgr.:* | Umferðarmerki numið á brott eða breytt | 20.000 |
| *2. mgr.:* | Eigi gerðar viðeigandi ráðstafanir vegna skemmda á umferðarmerki | 20.000 |
| **10. gr.** | **Skyldur við umferðaróhapp** | |
| *1. mgr.:* | Eigi numið staðar og veitt hjálp (ekki slys á fólki) | 20.000 |
| | Neitað að skýra frá nafni og heimilisfangi | 30.000 |
| *2. mgr.:* | Vanrækt að tilkynna lögreglu um slys | 20.000 |

**IV. KAFLI (13.-35. gr.). Umferðarreglur fyrir ökumenn.**

| | | |
|---|---|---|
| **13. gr.** | **Notkun akbrauta** | |
| *1. mgr.:* | Ekið eftir gangstétt eða gangstíg | 20.000 |
| | Ekið eftir gangstétt eða gangstíg og hættu valdið | 20.000 |
| *2. mgr.:* | Eigi notuð sú rein sem ökutæki er ætluð | 20.000 |

| *Lagagrein* | *Tegund brots* | *Sektarfjárhæð kr.* |
|---|---|---|
| **14. gr.** | **Hvar skal aka á vegi** | |
| *1. mgr.:* | Ökutæki eigi haldið nægjanlega til hægri | 20.000 |
| *3. mgr.:* | Of stutt bil milli ökutækja | 20.000 |
| *5. mgr.:* | Ökutæki í vegavinnu ekið óvarlega | 20.000 |
| **15. gr.** | **Akstur á vegamótum og í beygjum** | |
| *1. og 3. mgr.:* | Röng staðsetning fyrir og við beygju á vegamótum | 20.000 |
| *2. mgr.:* | Ekið ógætilega á vegamótum | 20.000 |
| **17. gr.** | **Að snúa ökutæki, aka aftur á bak og skipta um akrein** | |
| *1. mgr.:* | Ökutæki bakkað eða snúið við þannig að hætta eða óþægindi skapast fyrir aðra | 20.000 |
| *2. mgr.:* | Eigi höfð nægileg aðgát við akstur frá vegarbrún, þegar skipt er um akrein eða ekið á annan hátt til hliðar, ökutæki er stöðvað eða dregið skyndilega úr hraða þess | 20.000 |
| *3. mgr.:* | Vanræksla á skyldum við akstur frá aðrein yfir á akrein | 20.000 |
| | Vanrækt að auðvelda umferð af aðrein inn á akrein | 20.000 |
| *4. mgr.:* | Röng notkun fráreinar | 20.000 |
| **18. gr.** | **Akstur við biðstöð hópbifreiða o.fl.** | |
| *1. mgr.:* | Eigi virtur forgangur hópbifreiðar til aksturs frá biðstöð | 20.000 |
| | Stjórnandi hópbifreiðar vanrækir aðgát við akstur frá biðstöð | 20.000 |
| *2. mgr.:* | Eigi sýnd sérstök aðgát í námunda við merkta skólabifreið sem hefur stansað | 20.000 |
| **19. gr.** | **Þegar ökutæki mætast** | |
| *1. mgr.:* | Eigi vikið nægilega eða dregið úr hraða | 20.000 |
| **20. gr.** | **Framúrakstur** | |
| *1. mgr.:* | Ekið hægra megin fram úr þar sem slíkt er óheimilt | 20.000 |
| | Ekið vinstra megin fram úr ökutæki sem er að sveigja til vinstri | 20.000 |
| *2. mgr.:* | Eigi sýnd nægileg varúð við framúrakstur (a-d liðir) | 20.000 |
| *3. mgr.:* | Hliðarbil ófullnægjandi | 20.000 |
| | Sveigt of snemma til hægri | 20.000 |
| *4. mgr.:* | Eigi sýnd nægileg aðgæsla þegar ekið er fram úr ökutæki í vegavinnu | 20.000 |
| **21. gr.** | | |
| *1. mgr.:* | Eigi vikið nægilega eða framúrakstur torveldaður | 20.000 |
| *2. mgr.:* | Eigi vikið til hliðar, dregið úr hraða eða numið staðar, ef þörf krefur | 20.000 |
| **22. gr.** | **Bann við framúrakstri** | |
| *1. mgr.:* | Ekið fram úr við eða á vegamótum | 20.000 |
| *2. mgr.:* | Ekið fram úr þegar vegsýn er skert | 20.000 |
| **23. gr.** | **Framúrakstur og akreinaskipti í þéttri umferð** | |
| *1. mgr.:* | Svigakstur á tveimur eða fleiri akreinum | 20.000 |
| **24. gr.** | **Framúrakstur við gangbraut** | |
| | Ekið fram úr rétt áður en komið er að gangbraut eða á henni | 20.000 |
| **25. gr.** | **Skylda til að veita öðrum forgang** | |
| *1. mgr.:* | Eigi sýnd sérstök aðgát við vegamót | 20.000 |
| *2. mgr.:* | Eigi virt: | |
| | - biðskylda | 30.000 |
| | - stöðvunarskylda | 30.000 |

| *Lagagrein* | *Tegund brots* | *Sektarfjárhæð kr.* |
| --- | --- | --- |
| *3. mgr.:* | Vanrækt að veita forgang við akstur út á veg frá bifreiðastæðum, lóðum, landareignum o.fl. | 20.000 |
| *4. mgr.:* | Eigi virtur almennur forgangur á vegamótum o.fl. (hægri reglan) | 20.000 |
| *6. mgr.:* | Forgangur eigi virtur | 20.000 |
| *7. mgr.:* | Stöðvun ökutækis á eða við vegamót veldur óþarfa óþægindum | 20.000 |
| **26. gr.** | **Sérstakar skyldur gagnvart gangandi vegfarendum** | |
| *1. mgr.:* | Vanrækt að veita nægilegt rými á vegi o.fl. | 20.000 |
| *2. mgr.:* | Forgangur gangandi vegfaranda eigi virtur | 20.000 |
| *3. mgr.:* | Ekið óvarlega á göngugötu | 20.000 |
| *4. mgr.:* | Ekið óvarlega á vegamótum o.fl. | 20.000 |
| *5. - 6. mgr.:* | Gangbrautarréttur eigi virtur | 20.000 |
| **27. gr.** | **Stöðvun ökutækis og lagning þess** | |
| *1. mgr.:* | Ökutæki veldur óþægindum eða hættu fyrir umferð | 20.000 |
| *2. mgr.:* | Lagt á röngum vegarhelmingi o.fl. | 20.000 |
| *3. mgr.:* | Óheimil stöðvun eða lagning ökutækis á gangstétt, gangstíg, umferðareyjum og svipuðum stöðum. Gjald skv. 108. gr. | |
| *4. mgr.:* | Eigi gengið frá ökutæki með tryggilegum hætti | 20.000 |
| *5. mgr.:* | Dyr ökutækis opnaðar til hættu eða óþæginda o.fl. | 20.000 |
| **28. gr.** | | |
| *1. mgr.:* | **Ökutæki stöðvað eða því lagt:** | |
| | c) Þannig að skyggi á umferðarmerki eða umferðarljós | 20.000 |
| | d) Í göngum eða undir brú | 20.000 |
| | e) Í eða við blindhæð o.fl. þar sem vegsýn er skert | 20.000 |
| | f) Á eða við miðlínu þannig að torveldi akstur á rétta akrein | 20.000 |
| | g) Á hringtorgi | 20.000 |
| | **Ökutæki stöðvað eða því lagt:** | |
| | a) Á eða við gangbraut | |
| | b) Á eða við vegamót | |
| | h) Á merktu stæði leigubifreiða eða fatlaðra einstaklinga | |
| | i) Minna en 15 m frá merki fyrir biðstöð hópbifreiða | |
| | Ber að leggja á gjald skv. 108. gr. | |
| *2. mgr.:* | **Ökutæki lagt:** | |
| | a) Á brú | 20.000 |
| | b) Við heimreið húss eða lóðar | 20.000 |
| | c) Við hlið annars ökutækis sem stendur við brún akbrautar | 20.000 |
| | d) Þannig að hindri aðgang að öðru ökutæki eða færslu þess af staðnum | 20.000 |
| | e) Við vatnshana slökkviliðs | 20.000 |
| **30. gr.** | **Skyldur ökumanns, þegar ökutæki hefur stöðvast í sérstökum tilvikum** | |
| | Brot gegn ákvæðum greinarinnar | 20.000 |
| **31. gr.** | **Merki og merkjagjöf** | |
| *1. - 2. mgr.:* | Merkjagjöf vanrækt | 20.000 |
| | Ónauðsynleg merkjagjöf | 20.000 |
| **32. gr.** | **Ljósanotkun** | |
| *1. mgr.:* | Ökuljós eigi tendruð í dagsbirtu | 20.000 |
| *2. mgr.:* | Ökuljós eigi tendruð þegar birta er ófullnægjandi | 20.000 |
| *3. - 8. mgr.:* | Óheimil eða röng notkun ljósa | 20.000 |

| *Lagagrein* | *Tegund brots* | *Sektarfjárhæð kr.* |
|---|---|---|
| **33. gr.** | **Ljósanotkun** | |
| *1. og 3. mgr.:* | Stöðuljós eigi tendruð | 20.000 |
| **34. gr.** | **Akstursíþróttir og aksturskeppni** | |
| *2. mgr.:* | Efnt til aksturskeppni án leyfis lögreglustjóra | 30.000 |
| **35. gr.** | **Óþarfa hávaði o.fl.** | |
| *1. mgr.:* | Óþarfa hávaði frá vélknúnu ökutæki | 20.000 |
| | Óþarfa loftmengun frá vélknúnu ökutæki | 20.000 |
| *2. mgr.:* | Óþarfa ónæði frá ökutæki við íbúðarhús | 20.000 |

**V. KAFLI (36.-38. gr.). Ökuhraði.**

| | | |
|---|---|---|
| **36. gr.** | **Almennar reglur um ökuhraða** | |
| *1. - 3. mgr.:* | Ökuhraði eigi miðaður við aðstæður | 20.000 |
| *4. mgr.:* | Aur slettist á vegfarendur vegna ógætilegs aksturs | 20.000 |

**37. gr.** **Almennar hraðatakmarkanir**

Þegar ekið er yfir lögleyfðum hámarkshraða skal beita eftirfarandi töflu. Í fyrstu línu lárétt er lögleyfður hámarkshraði í km tilgreindur. Raunverulegur hraði ökutækis, í km, er tilgreindur í fyrstu línu lóðrétt. Sektarfjárhæð er tilgreind í þúsundum króna og sviptingartími í mánuðum.

| Hraði | 30 | 35 | 40 | 50 | 60 | 70 | 80 | 90 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 36-40 | 10 | | | | | | | |
| 41-45 | 15 | 10 | | | | | | |
| 46-50 | 25 | 15 | 10 | | | | | |
| 51-55 | 30 | 25 | 15 | | | | | |
| 56-60 | 40 | 30 | 25 | 10 | | | | |
| 61-65 | 70 + 3 | 40 | 30 | 15 | | | | |
| 66-70 | 90 + 3 | 50 | 40 | 25 | 10 | | | |
| 71-75 | 115 + 3 | 80 + 3 | 50 | 30 | 15 | | | |
| 76-80 | | 90 + 3 | 80 + 3 | 40 | 25 | 10 | | |
| 81-85 | | 115 + 3 | 90 + 3 | 50 | 30 | 15 | | |
| 86-90 | | | 115 + 3 | 65 | 50 | 25 | 15 | |
| 91-95 | | | | 80 | 65 | 50 | 30 | |
| 96-100 | | | | 100 | 80 | 65 | 50 | 15 |
| 101-110 | | | | 150 + 3 | 100 | 80 | 80 | 50 |
| 111-120 | | | | 180 + 3 | 130 + 1 | 100 | 100 | 80 |
| 121-130 | | | | 210 + 3 | 180 + 3 | 130 + 1 | 130 | 115 |
| 131-140 | | | | | 210 + 3 | 180 + 2 | 180 + 1 | 150 |
| 141-150 | | | | | | 230 + 3 | 230 + 2 | 210 + 1 |
| 151-160 | | | | | | | 240 + 3 | 230 + 2 |
| 161-170 | | | | | | | | 240 + 3 |

| *Lagagrein* | *Tegund brots* | *Sektarfjárhæð kr.* |
|---|---|---|
| **38. gr.** | **Ökuhraði sérstakra gerða ökutækja**<br>Við ákvörðun sviptingar ökuréttar fyrir brot á þessum ákvæðum skal beita töflu 37. gr. að teknu tilliti til lögleyfðs hámarkshraða ökutækis.<br>Við ákvörðun sektar fyrir brot á þessum ákvæðum skal einnig beita töflu 37. gr. að teknu tilliti til lögleyfðs hámarkshraða ökutækis og að viðbættu 20% álagi á sektarfjárhæð | |

**VI. KAFLI (39.-43. gr.). Sérreglur fyrir reiðhjól, bifhjól og torfærutæki.**

| | | |
|---|---|---|
| **39. - 40. gr.** | **Reiðhjól** | |
| | Brot á sérreglum fyrir reiðhjól | 20.000 |
| **41. gr.** | **Bifhjól** | |
| | Brot á sérreglum fyrir bifhjól | 20.000 |
| **42. gr.** | **Létt bifhjól** | |
| | Brot á sérreglum fyrir létt bifhjól | 20.000 |
| **43. gr.** | **Torfærutæki** | |
| | Brot á sérreglum fyrir torfærutæki | 20.000 |

**VII. KAFLI (44. – 58. gr.). Um ökumenn.**

| | | |
|---|---|---|
| **44. gr.** | **Veikindi, áfengisáhrif o.fl.** | |
| *4. mgr.:* | Neysla áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna við akstur | 60.000 |
| *5. mgr.:* | Tóbaksreykingar við stjórn bifreiðar til farþegaflutninga í atvinnuskyni | 20.000 |
| *6. mgr.:* | Um brot á reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins vísast til viðauka II. | |
| **45. gr.** | **Ölvunarakstur** | |
| *2. og 3. mgr.:* | | |
| | Taflan miðast við að um fyrsta brot sé að ræða. | |

| **Vínandamagn í blóði ‰** | **Sektir kr.** | **Svipting** |
|---|---|---|
| 0,50 – 0,60 | 90.000 | 2 mán. |
| 0,61 – 0,75 | 90.000 | 4 mán. |
| 0,76 – 0,90 | 120.000 | 6 mán. |
| 0,91 – 1,10 | 130.000 | 8 mán. |
| 1,11 – 1,19 | 140.000 | 10 mán. |
| 1,20 – 1,50 | 180.000 | 1 ár |
| 1,51 – 2,00 | 210.000 | 1 ár og sex mán. |
| 2,01 eða meira | 210.000 | 2 ár |

| Vínandamagn í lofti mg/l | Sektir kr. | Svipting |
|---|---|---|
| 0,25 – 0,30 | 90.000 | 2 mán. |
| 0,31 – 0,37 | 90.000 | 4 mán. |
| 0,38 – 0,45 | 120.000 | 6 mán. |
| 0,46 – 0,55 | 130.000 | 8 mán. |
| 0,56 – 0,59 | 140.000 | 10 mán. |
| 0,60 – 0,75 | 180.000 | 1 ár |
| 0,76 – 1,00 | 210.000 | 1 ár og sex mán. |
| 1,01 eða meira | 210.000 | 2 ár |

| *Lagagrein* | *Tegund brots* | *Sektarfjárhæð kr.* |
|---|---|---|
| *6. mgr.:* | Stjórnað eða reynt að stjórna hjóli eða hesti undir áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna | 20.000 |
| *7. mgr.:* | Ökumanni í því ástandi sem fram kemur í ákvæðinu falin stjórn ökutækis | 60.000 |

**45. gr.** **Síðara brot á ákvæðum greinarinnar eða ökumaður hefur áður brotið gegn 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a.**

*2. og 3. mgr.:*

| Vínandamagn í blóði ‰ | Sektir kr. | Svipting |
|---|---|---|
| 0,50 – 1,19 | 240.000 | 2 ár |
| 1,20 – 1,50 | 260.000 | 3 ár |
| 1,51 – 2,00 | 290.000 | 3 ár og sex mán. |
| 2,01 eða meira | 300.000 | 4 ár |

| Vínandamagn í lofti mg/l | Sektir kr. | Svipting |
|---|---|---|
| 0,25 – 0,59 | 240.000 | 2 ár |
| 0,60 – 0,75 | 260.000 | 3 ár |
| 0,76 – 1,00 | 290.000 | 3 ár og sex mán. |
| 1,01 eða meira | 300.000 | 4 ár |

Hafi ökumaður einu sinni áður brotið gegn ákvæðum 1. sbr. 2. mgr. 45. gr. a umferðarlaga með ávana- og fíkniefnaakstri, og fyrsta ítrekun er með broti gegn 1. mgr. sbr. 2. eða 3. mgr. 45. gr. eða 45. gr. a, skal svipting eigi vara skemur en 2 ár auk sektar að upphæð 240.000 kr., sbr. 6. mgr. 102. gr. umferðarlaga.

**45. gr. a.** **Ávana- og fíkniefnaakstur.**

*1. mgr. sbr. 2. mgr.:*

Taflan miðast við að um fyrsta brot sé að ræða.

| Ávana- og fíkniefni í blóði | Sektir kr. | Svipting |
|---|---|---|
| Amfetamín:<br>Lítið magn – Allt að 170 ng/ml í blóði | 90.000 | 4 mán. |
| Amfetamín:<br>Mikið magn – 170 ng/ml í blóði eða meira | 180.000 | 1 ár |
| Tetrahýdrokannabínól (kannabis)<br>Lítið magn – allt að 2 ng/ml í blóði | 90.000 | 4 mán. |
| Tetrahýdrokannabínól (kannabis)<br>Mikið magn – 2 ng/ml í blóði eða meira | 180.000 | 1 ár |
| MDMA<br>Mikið magn – 220 ng/ml í blóði eða meira | 180.000 | 1 ár |
| Kókaín<br>Lítið magn allt að 30 ng/ml í blóði | 90.000 | 4 mán. |
| Kókaín<br>Mikið magn – 30 ng/ml í blóði eða meira | 180.000 | 1 ár |

| Ávana- og fíkniefni í þvagi | 90.000 | 3 mán. |
|---|---|---|

| *Lagagrein* | *Tegund brots* | *Sektarfjárhæð kr.* |
|---|---|---|
| | Finnist fleiri en ein tegund ávana- og fíkniefna í blóði ökumanns skal leggja til grundvallar það efni sem hefur hæst mæligildi.<br>Sé um annað brot að ræða gegn 45. gr. a umferðarlaga, skal svipting eigi vara skemur en 2 ár, sbr. 6. mgr. 102. gr. umferðarlaga. Þá skal sekt vera 130.000 kr. ef um lítið magn er að ræða en 260.000 kr. ef um mikið magn er að ræða.<br>Hafi ökumaður einu sinni áður brotið gegn ákvæðum 45. gr. umferðarlaga (ölvunarakstur) gilda sömu viðmið. | |
| *3. mgr.:* | Stjórnað eða reynt að stjórna hjóli eða hesti undir áhrifum ávana- og fíkniefna | 20.000 |
| *4. mgr.:* | Ökumanni í því ástandi sem fram kemur í ákvæðinu falin stjórn ökutækis | 60.000 |
| **46. gr.** | **Áfengisáhrif o.fl.** | |
| *1. og 3. mgr.:* | Veitingamenn, þjónar eða bensínafgreiðslumenn reyna ekki að koma í veg fyrir ölvunarakstur | 20.000 |
| **47. gr.** | **Öndunarpróf, öndunarsýni, blóðsýni o.fl.** | |
| *3. mgr.* | Ökumaður neitar að veita atbeina við rannsókn máls<br>1 árs svipting | 130.000 |
| **47. gr. a.** | Notkun farsíma án handfrjáls búnaðar við akstur vélknúins ökutækis | 40.000 |
| **48. gr.** | **Ökupróf og ökuskírteini** | |
| *1. mgr.:* | Akstur bifreiðar eða bifhjóls sviptur ökurétti: | |
| | - fyrsta brot | 120.000 |
| | - annað brot | 200.000 |
| | Akstur bifreiðar eða bifhjóls án þess að hafa öðlast ökurétt eða án þess að hafa endurtekið ökupróf eða í akstursbanni: | |
| | - í fyrsta sinn | 20.000 |
| | - í annað sinn | 40.000 |
| | Ekið án þess að hafa endurnýjað ökuskírteini | 20.000 |

| *Lagagrein* | *Tegund brots* | *Sektarfjárhæð kr.* |
|---|---|---|
| | Ökuskírteini ekki meðferðis | 10.000 |
| | Önnur brot á reglugerð um ökuskírteini | 20.000 |
| **50. gr.** | | |
| | Akstur bifreiðar til vöru- eða farþegaflutninga í atvinnuskyni án þess að hafa réttindi til þess | 60.000 |
| | Akstur bifreiðar sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd eða akstur annarra ökutækja án þess að hafa fengið tilskilin réttindi | 60.000 |
| **55. gr.** | **Stjórnendur dráttarvéla, vinnuvéla, léttra bifhjóla og torfærutækja** | |
| | Akstur dráttarvélar, vinnuvélar, létts bifhjóls og torfærutækis sviptur ökurétti: | |
| | - fyrsta brot | 100.000 |
| | - annað brot | 200.000 |
| | Akstur ofangreindra ökutækja án þess að hafa öðlast tilskilinn ökurétt eða án þess að hafa endurtekið ökupróf eða í akstursbanni: | |
| | - fyrsta brot | 60.000 |
| | - annað brot | 120.000 |
| | Ekið án þess að hafa endurnýjað ökuskírteini | 20.000 |
| | Ökuskírteini ekki meðferðis | 10.000 |
| **57. gr.** | **Æfingaakstur** | |
| *1. mgr.:* | Ökukennari hefur ekki hlotið löggildingu (bifreið) | 20.000 |
| *2. mgr.:* | Ökukennari hefur ekki hlotið löggildingu (bifhjól) | 20.000 |
| *3. mgr.:* | Ökukennari fer ekki að reglum við framkvæmd æfingaaksturs | 20.000 |
| *4. mgr.:* | Æfingaakstur fer fram fyrr en heimilt er: | |
| | - kennari | 20.000 |
| | - nemandi | 20.000 |
| *6. mgr.:* | (Sbr. reglugerð um ökuskírteini) | |
| | Leiðbeinandi hefur ekki tilskilið leyfi | 20.000 |
| | Æfingaakstur á léttu bifhjóli eða dráttarvél fer fram fyrr en heimilt er | 20.000 |
| | Nemandi hefur ekki tilskilið leyfi til æfingaaksturs létts bifhjóls eða dráttarvélar | 20.000 |
| **58. gr.** | **Upplýsingaskylda o.fl.** | |
| *1. mgr.:* | Eigandi/umráðamaður neitar að gera grein fyrir því hver hafi stjórnað ökutæki | 40.000 |
| *2. mgr.:* | Manni, sem ekki hefur til þess réttindi, falin stjórn ökutækis: | |
| | - bifreið eða bifhjól | 20.000 |
| | - dráttarvél, vinnuvél, létt bifhjól eða torfærutæki | 20.000 |

**VIII. KAFLI (59.-70. gr.). Um ökutæki.**

| | | |
|---|---|---|
| **59. gr.** | **Gerð og búnaður (sbr. 1. mgr. 60. gr.)** | |
| *1. mgr.:* | Hætta eða óþægindi leiða af ökutæki | 20.000 |
| | - hélaðar rúður | 20.000 |
| *2. mgr.:* | Gerð og búnaði ökutækis áfátt | |
| | Eigandi/umráðamaður: | |
| | a) Áletranir eða merki | 20.000 |
| | b) Stýrisbúnaður | 20.000 |
| | c) Hemlar | 20.000 |
| | d) Ljósker eða glitaugu, fyrir hvert óvirkt ljós | 20.000 |
| | e) Aðbúnaður ökumanns eða farþega | 20.000 |
| | f) Útsýn | 20.000 |

| *Lagagrein* | *Tegund brots* | *Sektarfjárhæð kr.* |
|---|---|---|
| | g) Öryggisbúnaður | 20.000 |
| | h) Hraðamælir | 20.000 |
| | i) Hjólabúnaður | |
| | - fyrir hvern óhæfan hjólbarða | 20.000 |
| | - nagladekk án heimildar fyrir hvern hjólbarða | 20.000 |
| | j) Tengibúnaður | 20.000 |
| | k) Búnaði fyrir farm áfátt | 20.000 |
| | l) Hljóðmerkisbúnaður | 20.000 |
| | m) Útblásturskerfi í ólagi | 20.000 |
| | Ökumaður: Helmingur af tilgreindri upphæð | |
| | Reiðhjól: | |
| | a) hemlabúnaði áfátt | 20.000 |
| | b) ljósum og glitmerkjum áfátt | 20.000 |
| | c) annað | 20.000 |
| **62. gr.** | **Tenging og dráttur ökutækja** | |
| *1. mgr.:* | Fleiri en einn tengivagn eða tengitæki tengt við: | |
| | - bifreið | 20.000 |
| | - torfærutæki | 20.000 |
| | - reiðhjól | 20.000 |
| *2. mgr.:* | Fleiri en tveir eftirvagnar eða fleiri en einn eftirvagn og eitt tengitæki tengt við: | |
| | - dráttarvél | 20.000 |
| | - vinnuvél | 20.000 |
| *3. mgr.:* | Eftirvagn eða tengitæki tengt við: | |
| | - bifhjól | 20.000 |
| | - létt bifhjól | 20.000 |
| *4. mgr.:* | Hliðarvagn tengdur vinstra megin við bifhjól eða reiðhjól | 20.000 |
| | Hliðarvagn tengdur við létt bifhjól | 20.000 |
| *5. - 6. mgr.:* | Brot á reglum um tengingu og drátt ökutækja: | 20.000 |
| **63. gr.** | **Skráning** | |
| *1. mgr.:* | Notkun skráningarskylds ökutækis án þess að það hafi verið skráð og skráningarmerki sett á það | 20.000 |
| **64. gr.** | Vanrækt að tilkynna eigendaskipti | 20.000 |
| | Vanrækt að færa ökutæki, sem breytt hefur verið á þann veg að það kallar á breytta skráningu, til skoðunar | 20.000 |
| | Skráningarmerki vantar eða eru ógreinileg | 20.000 |
| | Skráningarmerki vísvitandi gerð ógreinileg | 20.000 |
| | Skráningarskírteini fylgir ekki ökutæki | 20.000 |
| | Brotið gegn reglum um tímabundinn akstur skráningarskyldra ökutækja án skráningar | 20.000 |
| **66. gr.** | **Erlend ökutæki** | |
| | Brot gegn reglum um notkun erlendra ökutækja | 30.000 |
| **67. gr.** | **Skoðun ökutækja** | |
| | Ökutæki ekið eftir að hafa fengið niðurstöðuna „notkun bönnuð“ | 30.000 |
| **68. gr.** | | |
| *4. mgr.:* | Ekki farið að fyrirmælum eftirlitsmanns/lögreglu | 30.000 |
| *4. mgr.:* | Ökumaður hlítir ekki banni við frekari för | 30.000 |

| *Lagagrein* | *Tegund brots* | *Sektarfjárhæð kr.* |
|---|---|---|
| **IX. KAFLI (71.-72. gr. A.). Um notkun öryggis- og verndarbúnaðar.** | | |
| **71. gr.** | **Öryggisbelti og annar öryggis- og verndarbúnaður í ökutæki** | |
| *1. mgr.:* | Öryggisbelti ekki notað | 20.000 |
| *2. mgr.:* | Sérstakur öryggisbúnaður fyrir barn ekki notaður | 20.000 |
| *6. mgr.:* | Þess eigi gætt að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað skv. 1. - 4. mgr. | 30.000 |
| **72. gr.** | **Öryggisbelti og annar öryggis- og verndarbúnaður við akstur bifhjóla** | |
| *1. mgr.:* | Viðurkenndur hlífðarhjálmur ekki notaður | 20.000 |
| *2. mgr.:* | Þess eigi gætt að farþegi yngri en 15 ára noti hlífðarhjálm | 20.000 |
| *5. mgr.:* | Öryggisbelti ekki notað á bifhjóli | 20.000 |
| **X. KAFLI (73.-76. gr.). Flutningur, hleðsla, þyngd og stærð ökutækja.** | | |
| **73. gr.** | **Hleðsla ökutækja** | |
| *1. mgr.:* | Farþegar eða farmur: | |
| | - byrgja útsýn ökumanns | 20.000 |
| | - tálma notkun stjórntækja ökumanns | 20.000 |
| | - byrgja lögboðinn ljósa- eða merkjabúnað ökutækis | 20.000 |
| | - byrgja skráningarmerki ökutækis | 20.000 |
| *2. mgr.:* | Of margir farþegar: | |
| | - fyrir hvern umframfarþega | 20.000 |
| *3. - 4. mgr.:* | Brot á reglugerð um hleðslu, frágang og merkingu á farmi: | |
| | - eftir eðli og efni brots | 20.000 – 100.000 |
| **75. gr.** | **Breidd, lengd og hæð ökutækja** | |
| *1. mgr.:* | Brot á slíkum ákvæðum í reglugerð um stærð og þyngd ökutækja | 20.000 – 100.000 |
| *2. mgr.:* | Ökumaður veldur hættu eða óþægindum við akstur undir brú, í göngum, undir rafmagns- eða símalínum o.þ.h. | 20.000 – 160.000 |
| **76. gr.** | **Ásþungi og þyngd** | |
| | Ásþungi/heildarþungi allt að 10% umfram leyfilegt hámark | 50.000 |
| | Ásþungi/heildarþungi allt að 20% umfram leyfilegt hámark | 100.000 |
| | Ásþungi/heildarþungi allt að 30% umfram leyfilegt hámark | 160.000 |
| | Ásþungi/heildarþungi meiri en 30% allt að 50% umfram leyfilegt hámark | 160.000 |
| | að viðbættum 10.000 fyrir hvert % umfram 30% | |
| **XI. KAFLI (77.-78. gr.). Óhreinkun vegar o.fl.** | | |
| **77. gr.** | **Óhreinkun vegar o.fl.** | |
| *1. - 2. mgr.:* | Munum fleygt eða þeir skildir eftir á vegi þannig að þeir hafa í för með sér hættu eða óþægindi fyrir umferð | 30.000 |
| **78. gr.** | **Rekstur búfjár** | |
| *1. mgr.:* | Búfé rekið á vegi í þéttbýli án leyfis lögreglustjóra | 20.000 |
| *2. mgr.:* | Of fáir gæslumenn við rekstur búfjár í dreifbýli | 20.000 |
| *3. mgr.:* | Búfé ekki vikið fljótt og greiðlega úr vegi annarrar umferðar | 20.000 |

| *Lagagrein* | *Tegund brots* | *Sektarfjárhæð kr.* |
|---|---|---|
| **XII. KAFLI (79.-87. gr.). Umferðarstjórn, umferðarmerki o.fl.** | | |
| **86. gr.** | **Merkingar þegar röskun á vegi vegna vegavinnu eða af öðrum ástæðum veldur hættu**<br>Ófullnægjandi merking | 20.000 – 40.000 |
| **87. gr.** | Spjöld, auglýsingar, ljósabúnaður og þess háttar sett á eða í tengslum við umferðarmerki eða umferðarljós | 20.000 |
| **XIII. KAFLI (88.-99. gr.). Um fébætur og vátryggingu.** | | |
| **93. gr.** | Vátryggingarskylda vanrækt | 50.000 |

VIÐAUKI 2

**Skrá yfir sektir og önnur viðurlög vegna brota á reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita og eftirlit, nr. 605/2010.**

Brot á eftirfarandi ákvæðum reglugerðarinnar varða sektum samkvæmt þessari skrá:

| **Lýsing brots, sbr. viðeigandi ákvæði reglugerðar nr. 605/2010.** | **Sektarfjárhæð í krónum.** |
|---|---|

| **1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 605/2010 – Daglegur aksturstími að hámarki 9 eða 10 klst.** | | | |
|---|---|---|---|
| Umframtími | Umfram í % | Sekt ökumanns | Sekt flytjanda |
| 1 klst. | 10 | 30.000 | 40.000 |
| 1½ klst. | 15 | 40.000 | 60.000 |
| 2 klst. | 20 | 50.000 | 80.000 |
| 2½ klst. | 25 | 70.000 | 100.000 |
| 3 klst. | 30 | 80.000 | 120.000 |
| 3½ klst. | 35 | 90.000 | 140.000 |
| 4 klst. | 40 | 110.000 | 160.000 |

| **2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 605/2010 – Aksturstími í hverri viku að hámarki 56 klst.** | | | |
|---|---|---|---|
| Umframtími | Umfram í % | Sekt ökumanns | Sekt flytjanda |
| 9 klst. | 10 | 30.000 | 40.000 |
| 13½ klst. | 15 | 40.000 | 60.000 |
| 18 klst. | 20 | 50.000 | 80.000 |
| 22½ klst. | 25 | 70.000 | 100.000 |
| 27 klst. | 30 | 80.000 | 120.000 |
| 31½ klst. | 35 | 90.000 | 140.000 |
| 36 klst. | 40 | 110.000 | 160.000 |

| **3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 605/2010 – Aksturstími á hverjum 14 dögum að hámarki 90 klst.** | | | |
|---|---|---|---|
| Umframtími | Umfram í % | Sekt ökumanns | Sekt flytjanda |
| 9 klst. | 10 | 30.000 | 40.000 |
| 13½ klst. | 15 | 40.000 | 60.000 |
| 18 klst. | 20 | 50.000 | 80.000 |
| 22½ klst. | 25 | 70.000 | 100.000 |
| 27 klst. | 30 | 80.000 | 120.000 |
| 31½ klst. | 35 | 90.000 | 140.000 |
| 36 klst. | 40 | 110.000 | 160.000 |

| **1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 605/2010 – Akstur án hlés að hámarki 4,5 klukkustundir** | | | |
|---|---|---|---|
| Umframtími | Umfram í % | Sekt ökumanns | Sekt flytjanda |
| 30 mínútur | 12 | 30.000 | 40.000 |
| 41 mínúta | 15 | 40.000 | 60.000 |
| 54 mínútur | 20 | 50.000 | 80.000 |
| 1 klst. og 8 mín. | 25 | 70.000 | 100.000 |
| 1 klst. og 21 mín. | 30 | 80.000 | 120.000 |
| 1 klst. og 35 mín. | 35 | 90.000 | 140.000 |
| 1 klst. og 48 mín. | 40 | 110.000 | 160.000 |

| **1. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 605/2010 – Daglegur hvíldartími að lágmarki 9 eða 11 klst.** | | | |
|---|---|---|---|
| Brot í tíma | Brot í % | Sekt ökumanns | Sekt flytjanda |
| 54 mínútur | 12 | 30.000 | 40.000 |
| 1 klst. og 21 mín. | 15 | 40.000 | 60.000 |
| 1 klst. og 48 mín. | 20 | 50.000 | 80.000 |
| 2 klst. og 15 mín. | 25 | 70.000 | 100.000 |
| 2 klst. og 42 mín. | 30 | 80.000 | 120.000 |
| 3 klst. og 9 mín. | 35 | 90.000 | 140.000 |
| 3 klst. og 36 mín. | 40 | 110.000 | 160.000 |

| **3. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 605/2010 – Daglegur hvíldartími – lágmark 12 klst. (lengdur hvíldartími)** | | | |
|---|---|---|---|
| Brot í tíma | Brot í % | Sekt ökumanns | Sekt flytjanda |
| 1 klst. og 12 mín. | 12 | 30.000 | 40.000 |
| 1 klst. og 48 mín. | 15 | 40.000 | 60.000 |
| 2 klst. og 24 mín. | 20 | 50.000 | 80.000 |
| 3 klst. | 25 | 70.000 | 100.000 |
| 3 klst. og 36 mín. | 30 | 80.000 | 120.000 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 4 klst. og 12 mín. | 35 | 90.000 | 140.000 |
| 4 klst. og 48 mín. | 40 | 110.000 | 160.000 |

| **5. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 605/2010 – Daglegur hvíldartími – tveir ökumenn – að lágmarki 9 klst.** | | | |
|---|---|---|---|
| Brot í tíma | Brot í % | Sekt ökumanns | Sekt eiganda |
| 54 mínútur | 10 | 30.000 | 40.000 |
| 1 klst. og 21 mín. | 15 | 40.000 | 60.000 |
| 1 klst. og 48 mín. | 20 | 50.000 | 80.000 |
| 2 klst. og 15 mín. | 25 | 70.000 | 100.000 |
| 2 klst. og 42 mín. | 30 | 80.000 | 120.000 |
| 3 klst. og 9 mín. | 35 | 90.000 | 140.000 |
| 3 klst. og 36 mín. | 40 | 110.000 | 160.000 |

| **a-liður 1. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 605/2010 – Vikulegur hvíldartími – lágmark 45 klst.** | | | |
|---|---|---|---|
| Brot í tíma | Brot í % | Sekt ökumanns | Sekt flytjanda |
| 4½ klst. | 10 | 30.000 | 40.000 |
| 6 klst. og 45 mín. | 15 | 40.000 | 60.000 |
| 9 klst. | 20 | 50.000 | 80.000 |
| 11 klst. og 15 mín | 25 | 70.000 | 100.000 |
| 13½ klst. | 30 | 80.000 | 120.000 |
| 15 klst. og 45 mín. | 35 | 90.000 | 140.000 |
| 18 klst. | 40 | 110.000 | 160.000 |

| **b-liður 1. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 605/2010 – Vikulegur hvíldartími – lágmark 24 klst.** | | | |
|---|---|---|---|
| Brot í tíma | Brot í % | Sekt ökumanns | Sekt flytjanda |
| 2 klst. og 24 mín. | 10 | 30.000 | 40.000 |
| 3 klst. og 36 mín. | 15 | 40.000 | 60.000 |
| 4 klst. og 48 mín. | 20 | 50.000 | 80.000 |
| 6 klst. | 25 | 70.000 | 100.000 |
| 7 klst. og 12 mín. | 30 | 80.000 | 120.000 |
| 8 klst. og 24 mín. | 35 | 90.000 | 140.000 |
| 9 klst. og 36 mín. | 40 | 110.000 | 160.000 |

| **18. gr.** | **Varðveisla gagna úr rafrænum ökurita.** | |
|---|---|---|
| b-liður 1. mgr. | 1. Flytjandi vanrækir að tryggja varðveislu á upplýsingum úr ökurita og af ökumannskorti í að minnsta kosti 12 mánuði eftir að þær voru skráðar og gera þær aðgengilegar eftirlitsaðila: | |
| | a. Sekt flytjanda. | 80.000 |

| **24. gr.** | **Krafa um notkun ökurita.** | |
|---|---|---|
| 1. mgr. | 1. Bifreið, sem reglugerðin tekur til, ekki búin ökurita: | |
| | a. Sekt flytjanda. | 60.000 |

| **25. gr.** | **Ástand ökurita.** | |
|---|---|---|
| 1. mgr. | 1. Ökuriti vinnur ekki rétt: | |
| | a. Sekt ökumanns. | 20.000 – 50.000 |
| | b. Sekt flytjanda. | 20.000 – 80.000 |
| | 2. Ökuritakort vinnur ekki rétt: | |
| | a. Sekt ökumanns. | 20.000 – 50.000 |
| | b. Sekt flytjanda. | 30.000 – 80.000 |
| 2. mgr. | 3. Tengingar milli aflrásar bifreiðar og ökurita ekki innsiglaðar: | |
| | Sekt flytjanda. | 80.000 |

| **26. gr.** | **Ökuritaskífur.** | |
|---|---|---|
| 1. mgr. | 1. Ökumanni ekki úthlutað nægilega mörgum ökuritaskífum: | |
| | Sekt flytjanda. | 60.000 |
| 2. mgr. | 2. Ökuritaskífur og útprentun, sem gerð er í samræmi við 28. gr., í tímaröð og á læsilegan hátt ekki varðveitt í a.m.k. ár: | |
| | Sekt flytjanda. | 80.000 |

| **27. gr.** | **Gögn á ökumannskorti.** | |
|---|---|---|
| 1. mgr. | 1. Gögn ekki flutt mánaðarlega af ökumannskorti og rafrænum ökurita til öruggrar vörslu: | |
| | Sekt flytjanda. | 60.000 |
| | 2. Eftirlitsmanni ekki veittur aðgangur að gögnum: | |
| | a. Sekt ökumanns. | 60.000 |
| | b. Sekt flytjanda. | 80.000 |
| 2. mgr. | 3. Ökumaður hefur ekki meðferðis ökumannskort þegar hann ekur bifreið sem búin er rafrænum ökurita: | |
| | a. Sekt ökumanns. | 40.000 |
| | b. Sekt flytjanda. | 60.000 |

| 28. gr. | Ástand gagna. | |
|---|---|---|
| 1. mgr. | 1. Ökumannskort, ökuritaskífur og önnur gögn, ekki vel læsileg, hrein og óskemmd: | |
| | a. Sekt ökumanns. | 20.000 – 60.000 |
| | b. Sekt flytjanda. | 20.000 – 80.000 |

| 29. gr. | Notkun ökumannskorts og ökuritaskífu. | |
|---|---|---|
| 3. mgr. | 1. Ökumaður notar ekki ökuritaskífu eða ökumannskort við akstur: | |
| | a. Sekt ökumanns. | 20.000 – 60.000 |
| | b. Sekt flytjanda. | 30.000 – 80.000 |
| 4. mgr. | 2. Ökuritaskífa notuð lengur en einn akstursdag: | |
| | a. Sekt ökumanns. | 30.000 |
| | b. Sekt flytjanda. | 40.000 |
| | 3. Fleiri en ein ökuritaskífa notuð sama dag án þess að heimild í 4. mgr. 29. gr. eigi við: | |
| | a. Sekt ökumanns. | 30.000 |
| | b. Sekt flytjanda. | 40.000 |
| 7. mgr. | 4. Ökuritaskífa ekki rétt útfyllt: | |
| | a. Sekt ökumanns. | 30.000 |
| | b. Sekt flytjanda. | 40.000 |

| 30. gr. | Tákn fyrir þau atriði sem skráð eru í ökurita. | |
|---|---|---|
| 1. mgr. | 1. Ökumaður stillir ekki ökurita, eftir atvikum skífuökurita eða rafrænan ökurita, til að unnt sé að skrá sérhvert tímabil sérstaklega og greinilega undir viðeigandi merki, sbr. a – c-lið 1. mgr.: | |
| | a. Sekt ökumanns. | 20.000 – 50.000 |
| | b. Sekt flytjanda. | 20.000 – 50.000 |

| 31. gr. | Upplýsingar sem skrá skal. | |
|---|---|---|
| 1. og 2. mgr. | 1. Ökumaður færir ekki inn á ökuritaskífu í skífuökurita lögboðnar upplýsingar: | |
| | a. Sekt ökumanns. | 20.000 – 50.000 |
| | b. Sekt flytjanda. | 20.000 – 50.000 |

| 32. gr. | **Gögn sem framvísa skal úr skífuökurita.** | |
|---|---|---|
| 1. mgr. | Bifreið búin skífuökurita en ökumaður getur ekki framvísað að ósk eftirlitsmanns: | |
| | 1. Ökuritaskífum fyrir yfirstandandi dag og ökuritaskífum sem hann notaði næstliðna 28 daga: | |
| | a. Sekt ökumanns. | 20.000 – 30.000 |
| | b. Sekt flytjanda. | 20.000 – 30.000 |
| | 2. Ökumannskorti sé hann handhafi slíks korts: | |
| | a. Sekt ökumanns. | 20.000 – 30.000 |
| | b. Sekt flytjanda. | 20.000 – 30.000 |
| | 3. Handskrifaðri skráningu og útprentun yfirstandandi dags og næstliðinna 28 daga: | |
| | a. Sekt ökumanns. | 20.000 – 30.000 |
| | b. Sekt flytjanda. | 20.000 – 30.000 |

| 33. gr. | **Gögn sem framvísa skal úr rafrænum ökurita.** | |
|---|---|---|
| 1. mgr. | Bifreið er búin rafrænum ökurita en ökumaður getur ekki, að ósk eftirlitsmanns, framvísað: | |
| | 1. Ökumannskorti sínu: | |
| | a. Sekt ökumanns. | 20.000 – 30.000 |
| | b. Sekt flytjanda. | 20.000 – 30.000 |
| | 2. Handskrifuðum blöðum og útprentun yfirstandandi dags og næstliðinna 28 daga eins og krafist er samkvæmt þessari reglugerð: | |
| | a. Sekt ökumanns. | 20.000 – 30.000 |
| | b. Sekt flytjanda. | 20.000 – 30.000 |
| | 3. Ökuritaskífunum frá því tímabili, sem um getur í 1. mgr. 32. gr., hafi hann á því tímabili ekið bifreið með skífuökurita: | |
| | a. Sekt ökumanns. | 20.000 – 30.000 |
| | b. Sekt flytjanda. | 20.000 – 30.000 |
| | 4. Útprentun með upplýsingum um akstur þann sem fellur undir 7. og 9. gr. reglugerðar nr. 605/2010: | |
| | a. Sekt ökumanns. | 20.000 – 30.000 |
| | b. Sekt flytjanda. | 20.000 – 30.000 |

| 35. gr. | Skráning og meðferð upplýsinga þegar ökuriti eða ökumannskort er ónothæft. | |
|---|---|---|
| 1. mgr. | 1. Ökumaður færir ekki inn á ökuritaskífu, varaeintak eða blað upplýsingar um þau tímabil sem ökuriti skráir ekki lengur eða prentar út með réttum hætti vegna bilunar: | |
| | a. Sekt ökumanns. | 20.000 – 50.000 |
| | b. Sekt flytjanda. | 20.000 – 50.000 |
| 2. mgr. | 2. Ökumaður prentar ekki út upplýsingar í lok ferðar um tímabilin sem ökuritinn skráði og færir ekki inn á útprentunina upplýsingar sem gera kleift að bera kennsl á ökumanninn, svo sem honum ber að gera, sé ökumannskortið gallað, ónothæft eða týnt eða því hefur verið stolið: | |
| | a. Sekt ökumanns. | 20.000 – 50.000 |
| | b. Sekt flytjanda. | 20.000 – 50.000 |

| 40. gr. | Óheimil notkun ökumannskorts. | |
|---|---|---|
| 1. mgr. | 1. Ökumaður notar ökumannskort sem ekki er auðkennt með nafni hans: | |
| | a. Sekt ökumanns. | 20.000 – 40.000 |
| | b. Sekt flytjanda. | 20.000 – 40.000 |
| | 2. Ökumaður notar ítrekað ökumannskort sem er gallað, fallið úr gildi eða hefur verið tilkynnt um sem týnt eða stolið: | |
| | a. Sekt ökumanns. | 20.000 – 30.000 |
| | b. Sekt flytjanda. | 30.000 – 50.000 |